



Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Þórður S. Gunnarsson hrl.
Ármúla 17
108 Reykjavík

Tilv. yðar:
Tilv. vor: 430-89/436

Dags. 09.10.1992

MÁL:

Andmæli Þórðar S. Gunnarssonar hrl. í nafni Birgðaverslunarinnar,
Skútuvogi 4, Reykjavík

gegn

skráningu vörumerkisins GRIPID OG GREITT, sbr. umsókn nr. 436/1989
frá Sól hf., Þverholti 19, Reykjavík.

ÁKVÖRDUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

MÁLSATVIK:

Hinn 07.06.1989 tilkynnti Örn Þór hrl., Óðinsgötu 4, Reykjavík til skráningar vörumerkið GRIPID OG GREITT í nafni Sólar hf., Þverholti 19, Reykjavík. Umsóknin er nr. 436/1989. Óskað var skráningar fyrir flokk nr. 35. Vörumerkið var birt til andmæla í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum hinn 17.08.1990.

Með bréfi dags. 01.10.1990, er barst Einkaleyfastofunni hinn 03.10.1990, var skráningu merkisins andmælt af Þórði S. Gunnarssyni hrl, Ármúla 17, Reykjavík í nafni Birgðaverslunarinnar, Skútuvogi 4, Reykjavík. Greinargerð með andmælunum bárust Einkaleyfastofunni síðan hinn 18.12.1990.

Andmælin byggja á því að andmælandi hefur frá því í júní 1989 rekið verslun undir nafninu GRIPID OG GREITT er býður upp á þjónustu er

Einkaleyfastofan

- 2 -

fellur undir flokk nr. 35. Andmælandi kveðst hafa keypt nafnið GRIPIÐ OG GREITT ásamt versluninni í júní 1989 af Sláturfélagi Suðurlands er hafi rekið verslunina undir sama nafni frá árinu 1987. Andmælandi telur vörumerki sitt hafa náð markaðsfestu hér á landi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki. Þar sem ruglingshætta verði að teljast vera með vörumerki skv. umsókn nr. 436/1989 og merki andmælanda, sbr. 6. gr. vörumerkjalaga, telur andmælandi að hafna beri skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 436/1989 á grundvelli 6. tl. 1. mgr. 14. gr. sömu laga. Með greinargerð andmælanda voru lagðar fram ódagsettar auglýsingar af Birgðastöðinni ásamt myndum af versluninni.

Umsækjanda var kynnt greinargerðin með bréfi dags. 18.12.1990 og veittur frestur til 18.04.1991 til að leggja fram greinargerð.

Hinn 18.04.1991 barst Einkaleyfastofunni greinargerð umboðsmanns umsækjanda, Arnar Þór hrl., dags. sama dag. Í greinargerðinni er bent á að Birgðaverslunin sé firma er stofnað hafi verið tveimur dögum eftir að umsókn nr. 436/1989 var lögð inn til vörumerkjaskrárritara. Verslunin hafi verið skráð hjá Firmaskrá Reykjavíkur liðlega tveimur mánuðum síðar. Umsækjandi fullyrðir, með vísan til 22. gr. vörumerkjalaga, að andmælandi hafi því ekki átt neinn rétt til merkisins GRIPIÐ OG GREITT við stofnun og því síður liðlega tveimur mánuðum síðar er verslunin hóf starfsemi. Umsækjandi telur staðhæfingu um notkun þriðja aðila á merkinu í 18 til 20 mánuði, áður en umsókn nr. 436/1989 var lögð inn til vörumerkjaskrárritara, ekki hafa þýðingu hér þar sem markaðsfesta vörumerkis hafi ekki náðst á svo skömmum tíma. Með greinargerð umboðsmanns umsækjanda er lagt fram staðfest afrit úr firmaskrá af tilkynningu um stofnun firmans Birgðaverslun, dags. 15.08.1989.

Hinn 18.04.1991 var andmælanda sent afrit greinargerðar umsækjanda og honum veittur frestur til 18.08.1991 til að leggja fram síðari greinargerð. Þar sem engin greinargerð barst frá andmælanda var honum ritað bréf 20.01.1992 og veittur lokafrestur til 20.02.1992 til þess að skila inn greinargerð. Enginn frekari rökstuðningur barst frá andmælanda. Umboðsmanni umsækjanda var því ritað bréf 27.03.1992 og gefinn kostur á að leggja fram síðari greinargerð. Hinn 13.04.1992 barst Einkaleyfastofunni bréf frá umboðsmanni umsækjanda þar sem hann upplýsti að hann teldi ekki ástæðu til þess að færa fram frekari athugasemdir í málinu og færi fram á að málið yrði tekið til úrskurðar.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins GRIPIÐ OG GREITT, skv. umsókn nr. 436/1989, fyrir flokk nr. 35. Andmælin eru byggð á því að andmælandi rekur verslun undir nafninu GRIPIÐ OG GREITT, er veitir þjónustu er fellur undir flokk nr. 35. Andmælandi telur rétt sinn til merkisins hafa stofnast fyrir innlagningardag umsóknar nr. 436/1989.

Umsókn nr. 436/1989 var lögð inn til vörumerkjaskrárritara hinn 07.06.1989. Andmælandi byggir andmæli sín á því að fyrir þann tíma hafi Sláturfélag Suðurlands öðlast vörumerkjarétt á sama merki en síðar framselt andmælanda merkið.

Andmælandi hefur ekki með nokkrum hætti sannað notkun á merkinu GRIPIÐ OG GREITT fyrir 07.06.1989 og er því ekki hægt að fallast á að hafna beri skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 436/1989 með vísan til 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA.

Skráning vörumerkisins GRIPIÐ OG GREITT, skv. umsókn nr. 436/1989, er heimiluð.

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Afrit sent:
Örn Þór hrl.
Óðinsgötu 4
101 Reykjavík